

Byr undir báða vængi



 **SPARISJÓÐUR**  
SUÐUR-ÞINGEYINGA  
HÚSAVIK - FOSSHÓLL - LAUGAR - MÝVATNSSVEIT

Ársskýrsla 2002

# **Sparisjóður Suður-Þingeyinga**

## **Ársreikningur 2002**

Sparisjóður Suður-Þingeyinga  
Kjarna  
650 Laugar  
Kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit

---

	<b>bls.</b>		<b>bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

---

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður utan þess að nú er ekki beitt verðleiðréttum reikningsskilum. Nánari grein er gerð fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum í skýringu 13.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2002 að fjárhæð 38,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 275,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um sparisjóði er 23,6% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður til stofnfjáraðila á árinu 2003 vegna ársins 2002. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 3,0 millj. kr. og skiptist það á 170 aðila.

Á árinu störfuðu 12 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum og námu launagreiðslur samtals 33,1 millj. kr.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Laugum 31. mars 2003.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga

Ari Teitsson  
Sigtryggur Vagnsson  
Björn Yngvason  
Þórhallur Hermannsson  
Dagur Jóhannesson

Sparisjóðsstjóri

Margrét Hólm Valsdóttir

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 43. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reiknings-skilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reiknings-skilavenju.

Hafnarfirði 31.03. 2003.

Sigurður Jónsson

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýr.	2002	2001
<b>Vaxtatekjur:</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....		25.177.507	32.119.019
Vaxtatekjur af útlánum .....		137.715.833	173.660.173
Vaxtatekjur af markaðsbréfum .....		1.313.886	1.777.039
		164.207.226	207.556.231
<b>Vaxtagjöld:</b>			
Vaxtagjöld til lánastofnana .....		1.241.427	9.877.309
Vaxtagjöld af innlánum .....		71.277.917	93.940.456
Önnur vaxtagjöld .....		0	807.114
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	13	0	13.428.600
		72.519.344	118.053.479
	Hreinar vaxtatekjur	91.687.882	89.502.752
<b>Aðrar rekstrartekjur:</b>			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....	29,30	2.458.752	1.138.707
Þjónustutekjur .....		31.438.429	25.277.025
Þjónustugjöld .....		( 4.495.901)	( 3.896.860)
Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi .....	14	( 717.808)	( 5.738.264)
Ýmsar rekstrartekjur .....	15	43.030.968	5.852.678
		71.714.440	22.633.286
	Hreinar rekstrartekjur	163.402.322	112.136.038
<b>Önnur rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	16,17	38.819.695	37.719.678
Annar almennur rekstrarkostnaður .....		45.888.912	37.842.693
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	10,31	3.415.537	3.949.091
		88.124.144	79.511.462
Framlag í afskriftareikning útlána .....	26	( 27.499.432)	( 15.353.699)
	Hagnaður fyrir skatta	47.778.746	17.270.877
Tekjuskattur .....	11,38	( 8.601.729)	2.353.796
Eignarskattur .....	37	( 1.089.416)	( 2.890.972)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	40	38.087.601	16.733.701

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2002	2001
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir:</b>			
Sjóður .....		15.665.185	10.565.040
Kröfur á lánastofnanir .....	20	409.720.308	295.517.515
		<u>425.385.493</u>	<u>306.082.555</u>
<b>Útlán til viðskiptamanna:</b>			
Útlán til viðskiptamanna .....		889.849.464	964.756.945
Fullnustueignir .....		20.576.834	15.308.354
	21-26	<u>910.426.298</u>	<u>980.065.299</u>
<b>Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:</b>			
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum .....	9,27	10.681.844	18.253.763
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	9,28,29	99.031.667	26.147.720
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	9,30	33.591.831	31.657.995
		<u>143.305.342</u>	<u>76.059.478</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Rekstrarfjármunir .....	5,6,31	32.075.668	33.739.535
Ýmsar eignir .....		120.823	2.252.536
Áfallnar tekjur .....		1.873.710	2.032.765
		<u>34.070.201</u>	<u>38.024.836</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>1.513.187.334</u>	<u>1.400.232.168</u>

# 31. desember 2002

## Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2002	2001
<b>Skuldir við lánastofnanir</b> .....	35	<u>9.615.661</u>	<u>35.088.028</u>
<b>Innlán:</b>			
Óbundin innlán .....		819.714.265	774.059.149
Bundin innlán .....	36	349.479.604	296.471.602
		<u>1.169.193.869</u>	<u>1.070.530.751</u>
<b>Aðrar skuldir:</b>			
Ýmsar skuldir .....		16.012.913	17.903.713
Áfallin gjöld .....		5.165.398	4.861.355
		<u>21.178.311</u>	<u>22.765.068</u>
<b>Tekjuskattsskuldbinding</b> .....	38	<u>16.358.103</u>	<u>7.756.374</u>
<b>Víkjandi lán</b> .....	39	<u>21.407.422</u>	<u>20.987.180</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Stofnfé .....		3.042.203	7.851.632
Varasjóður .....		272.391.765	235.253.135
Eigið fé samtals	40-41	<u>275.433.968</u>	<u>243.104.767</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>1.513.187.334</u></u>	<u><u>1.400.232.168</u></u>
<b>Utan efnahagsreiknings:</b>			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna .....	42		
Aðrar skuldbindingar .....	43		



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

	Skýr.	2002	2001
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....	40	38.087.601	16.733.701
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og verðleiðréttingar .....	(	4.849.286)	( 1.617.272)
Framlag í afskriftareikning útlána .....	26	27.499.432	15.353.699
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....	38	8.601.729	( 1.552.318)
Aðrir liðir .....	(	39.716.405)	3.342.059
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....	(	1.338.455)	2.314.466
Handbært fé frá rekstri		<u>28.284.616</u>	<u>34.574.335</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Kröfur á lánastofnanir, breyting .....	(	75.944.043)	( 20.498.000)
Útlán, breyting .....		53.008.409	( 46.124.800)
Fjárfestingarskuldbréf, breyting .....		7.571.919	( 3.538.295)
Veltuhlutabréf, breyting .....	(	84.999.980)	0
Fjárfestingarhlutabréf, breyting .....		53.314.138	( 9.445.656)
Keyptir rekstrarfjármunir .....	(	1.751.670)	0
Ýmsar eignir, breyting .....		2.131.713	( 1.426.294)
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>46.669.514</u> )	( <u>81.033.045</u> )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....	(	25.472.367)	( 64.465.927)
Innlán, breyting .....		93.063.806	73.449.485
Lántaka, breyting .....		0	( 13.369.444)
Ýmsar skuldir, breyting .....	(	89.244)	3.710.112
Víkjandi lán breyting .....	40	( 4.971.939)	0
Greiddur arður af stofnfé .....	40	( 786.463)	( 763.200)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>61.743.793</u>	( <u>1.438.974</u> )
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		<b>43.358.895</b>	<b>( 47.897.684)</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>34.386.555</b>	<b>82.284.239</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>6</b>	<b><u>77.745.450</u></b>	<b><u>34.386.555</u></b>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Arður frá hlutdeildarfélögum .....		0	574.999

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður utan þess sem greinir í skýringu 13 um breytingar á reikningsskilaaðferðum.
2. Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrifa á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild í tapi þeirra hærri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekari taps hætt nema sjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002. Áfallinn gengismunur og vextir á höfuðstól eigna og skulda eru færðir í rekstrarreikninginn.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og -gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

5. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismuni af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### *Handbært fé*

6. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 77,7 millj. kr. í árslok.

### *Útlán*

7. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismuni í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2003 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2002.
8. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

### **Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum**

9. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði sé það lægra. Skráð veltuhlutabréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

### **Rekstrarfjármunir**

10. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir .....	25 ár
Húsbúnaður og skrifstofuáhöld.....	3-5 ár

### **Tekjuskattsskuldbinding**

11. Tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og í ársreikningi hins vegar.

### **Víkjandi lán**

12. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 41. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

### **Breyting á reikningsskilaaðferðum**

13. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 hefur sparisjóðurinn hætt að verðleiðrétta ársreikninginn. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning sparisjóðsins. Eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs eru nú færðar á kostnaðarverði. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok ársins eins og áður var. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári hefði hagnaður ársins orðið 3,3 millj. kr. lægri. Eigið fé í árslok er 1,2 millj. kr. hærra en verið hefði miðað við óbreyttar aðferðir.

Í samræmi við alþjóðlegar reglur um breytingar úr verðleiðréttem reikningsskilum í óverðleiðréttem er samanburðar-fjárhæðum í reikningnum ekki breytt. Bókfært verð rekstrarfjármuna og eignarhluta í öðrum félögum í árslok 2001 er talið kostnaðarverð þeirra eigna. Við samanburð á rekstrarniðurstöðu milli ára þarf fyrst og fremst að líta á áhrif af reiknuðum gjöldum vegna verðlagsbreytinga. Áhrif breytinganna á aðra liði svo sem afskriftir og hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага eru minni og hafa ekki afgerandi áhrif á samanburðinn.

## Skýringar, frh.:

---

### Aðrar rekstrartekjur

14.	Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi sundurliðast þannig:	2002	2001
	Gjaldeyristengdar eignir og skuldir .....	( 718 )	1.484
	Markaðsskuldabréf .....	0 (	7.222)
	Samtals .....	( 718 )	( 5.738 )
15.	Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:		
	Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum .....	41.198	0
	Aðrar rekstrartekjur .....	1.833	5.853
	Samtals .....	43.031	5.853

### Starfsmannamál

16.	Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:		
	Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	12	12
	Stöðugildi í árslok .....	10	11
17.	Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
	Laun .....	33.127	32.196
	Launatengd gjöld .....	5.693	5.523
	Samtals .....	38.820	37.719
18.	Laun til stjórnar og sparisjóðsstjóra námu á árinu samtals 6,8 millj. kr.		
19.	Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum lán og nema þau samtals 2,6 millj. kr. Í framangreindum fjárhæðum eru lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.		

### Sjóður og kröfur á lánastofnanir

20.	Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:		
	Gjaldkræfar kröfur .....	62.080	23.821
	Allt að 3 mánuðir .....	300.590	225.000
	Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands hf. samkvæmt reglum um bindiskyldu .....	47.050	46.696
	Samtals .....	409.720	295.517

## Skýringar, frh.:

### Útlán til viðskiptamanna

21. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:	2002	2001
Yfirdráttarlán .....	219.139	239.502
Afurða- og rekstrarlán .....	10.420	10.737
Víxlar .....	28.608	22.789
Skuldabréf .....	631.682	691.729
Samtals .....	<u>889.849</u>	<u>964.757</u>
22. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög .....	1,5%	1,4%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður .....	16,2%	14,9%
Sjávarútvegur .....	3,5%	3,9%
Verslun .....	6,5%	6,0%
Iðnaður og verktakar .....	13,6%	13,0%
Þjónusta .....	12,8%	11,6%
Einstaklingar .....	41,9%	42,6%
Annað .....	4,0%	6,6%
Samtals .....	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
23. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræf útlán .....	108.005	77.354
Allt að 3 mánuðir .....	158.278	200.462
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....	95.833	101.831
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	284.532	331.349
Yfir 5 ár .....	243.201	253.761
Samtals .....	<u>889.849</u>	<u>964.757</u>
24. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu söluverði.		
25. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins nemur 67,2 millj. kr. og greinist þannig:		
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir .....	61.501	50.989
Sérstakur afskriftareikningur útlána .....	( 35.009 )	( 24.756 )
Önnur vaxtafryst útlán .....	40.742	64.681
Óvaxtaberandi útlán samtals .....	<u>67.234</u>	<u>90.914</u>

## Skýringar, frh.:

26. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		2002	2001
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun .....	24.756	23.479	48.235	57.519
Framlag í afskriftareikning á árinu .....	25.533	1.966	27.499	15.354
Endanlega töpuð útlán .....	( 15.280)		( 15.280)	( 24.638)
Afskriftareikningur útlána í árslok .....	<u>35.009</u>	<u>25.445</u>	<u>60.454</u>	<u>48.235</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum .....	3,7%	2,7%	6,4%	4,5%

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

27. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Fjárfestingarskuldabréf:		
Óskráð skuldabréf .....		<u>10.682</u>

Af framangreindum bréfum kemur ekkert til greiðslu á næsta ári. Fjárfestingarskuldabréfin eru útgefin af opinberum aðilum.

28. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands .....	85.000	<u>85.000</u>
Fjárfestingarhlutabréf:		
Óskráð hlutabréf .....		<u>14.032</u>
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals.....		<u>99.032</u>

29. Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Norðlenska matborðið ehf., Akureyri .....	1,0%	0	3.880	4.120
Kaupþing banki hf., Reykjavík .....	0,0%	407	0	0
SP-Fjármögnun hf., Reykjavík .....	0,9%	0	3.762	5.942
Greiðslumiðlun hf., Reykjavík .....	0,4%	118	1.576	2.328
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis, Höfn .....	0,6%	0	448	833
Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík .....	0,3%	0	2	777
Smárahúsið ehf., Kópavogi .....	1,2%	0	30	32
		<u>525</u>		<u>14.032</u>

## Skýringar, frh.:

30. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Hagnaðar- hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutir í lánastofnunum:				
Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík .....	1,3%	1.625	7.944	28.514
Hlutir í öðrum félögum:				
Reiknistofa bankanna, Reykjavík .....	0,9%	255	2.984	2.984
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi .....	1,2%	54	2.094	2.094
		309		5.078
Hlutdeildarfélög alls .....		1.934		33.592

## Aðrar eignir

31. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir	Húsbúnaður og skrifstofuáhöld	Samtals
Stofnverð 1.1.2002 .....	39.250	17.258	56.508
Afskrifað áður .....	( 12.784 )	( 9.985 )	( 22.769 )
Bókfært verð 1.1.2002 .....	26.466	7.273	33.739
Viðbót á árinu .....	0	1.752	1.752
Afskrifað á árinu .....	( 785 )	( 2.631 )	( 3.416 )
Bókfært verð 1.1.2002 .....	25.681	6.394	32.075
Afskriftarhlutföll .....	2%	20-33%	

Fasteignamat húseigna og lóða í árslok nam 18,0 millj. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 60,6 millj. kr. Vátryggingaverð húsbúnaðar var 47,8 millj. kr. í árslok.

## Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfélög

32. Kröfur á hlutdeildarfélög námu 409,7 millj. kr. í árslok og skuldir á sama tíma námu 3,3 millj. kr.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáættu

33. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 893,0 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 295,0 millj. kr.

34. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 21,1 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 10,7 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

---

### Skuldir við lánastofnanir

35. Skuldir við lánastofnanir sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2002	2001
Allt að 3 mánuðir .....	0	1.961
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....	3.332	11.637
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	6.283	21.490
Samtals .....	<u>9.615</u>	<u>35.088</u>

### Innlán

36. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Allt að 3 mánuðir .....	171.465	149.558
Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári .....	76.131	54.794
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	90.942	91.121
Yfir 5 ár .....	10.942	999
Samtals .....	<u>349.480</u>	<u>296.472</u>

### Skattamál

37. Sparisjóðurinn mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2003 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt tap sparisjóðsins í árslok 2002 nam 40,5 millj. kr. og er fært til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:		
Til ársins 2007 .....		26.611
Til ársins 2008 .....		13.930
Samtals .....		<u>40.541</u>

### Tekjuskattsskuldbinding

38. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....		7.756
Tekjuskattur vegna ársins .....		<u>8.602</u>
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....		<u>16.358</u>
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
Eignarhlutir í félögum .....		24.424
Rekstrarfjármunir .....	(	<u>768</u> )
		23.656
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	(	<u>7.298</u> )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....		<u>16.358</u>



## Skýringar, frh.:

### Víkjandi lán

39. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og reiknast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 41. Endurgreiðsla verður ekki flýtt samkvæmt ákvæðum bréfanna og ekki er heimilt að breyta þeim í eigið fé. Víkjandi lán námu 21,4 millj. kr. í árslok, höfuðstóll þeirra verður greiddur eftir þrjú ár en vextir, sem eru 7,0%, greiðast árlega.

### Eigið fé

40. Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2002 .....	7.852	235.253	243.105
Greiddur arður af stofnfé .....	(	786)	( 786)
Endurmat stofnfjár .....	60	( 60)	0
Innborgað stofnfé .....	12		12
Innleyst stofnfé .....	( 4.882)	( 102)	( 4.984)
Hagnaður ársins .....		38.088	38.088
Eigið fé 31.12.2002 .....	<u>3.042</u>	<u>272.393</u>	<u>275.435</u>

41. Eigið fé í árslok nemur 243,1 millj. kr. eða 17,4% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði er 23,6%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða	
		2002	2001
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir .....	1.513.188	1.102.382	1.082.898
Eignir til frádráttar eigin fé .....		( 26.494)	( 22.081)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings .....	32.865	32.865	45.518
Áhættugrunnur samtals .....		<u>1.108.753</u>	<u>1.106.335</u>

Eigið fé:

Eiginfjárþáttur A:

Bókfært eigið fé ..... 275.434 243.105

Eiginfjárþáttur B:

Víkjandi lán ..... 12.504 16.790

Eignarhlutir í fjármálastofnunum ..... ( 26.494) 22.081

Eigið fé samtals ..... 261.444 237.814

Eiginfjárlutfall ..... 23,6% 21,5%

## Skýringar, frh.:

---

### Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

42. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2002	2001
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	32.865	52.668
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	71.991	60.891

43. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.



SPARISJÓÐURINN

*- fyrir þig og þína*

---